



Hafnarfjörður

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar

Hafnarfirði 19.12.2022.

Norðurhelli 2

Hafnarfirði.

Erindi: Hamranes reitur 19B deiliskipulag. Minnisblað.

Með bréfi dags. 30. sept. 2022 gerir skipulagsstofnun athugasemdir við heildar fjölda íbúða sem samþykktar hafa verið í deiliskipulögum fyrir Hamranesið í heild sinni. Mat stofnunarinnar er að ekki sé heimild fyrir fleiri íbúðum en 1500. Unnið er að breytingu á aðalskipulagi fyrir Hamranes þar sem fjöldi íbúða verður allt að 1900. Fyrirliggjandi deiliskipulag reits 19B er innan þeirra marka sem núgildandi aðalskipulag heimilar og því er með vísan til tölvupósts frá 03.11.2022 frá skipulagsstofnun deiliskipulag Hamranes reits 19B lagt fram að nýju. Í tölvupóstinum segir m.a.:

„Ljóst er að hægt er að nýta ónýttar heimildir aðalskipulags (74 íbúðir) í Hamranesi áður en farið er í breytingu á aðalskipulagi. Varðandi það hvort hægt sé að ljúka afgreiðslu reits 19B, Hringhamar 6 er það ákvörðun sem að mati stofnunarinnar þarf að taka í skipulagsnefnd og sveitarstjórn“

Lagt er til að deiliskipulagið verði samþykkt að nýju samanber ofangreint.

Skipulagsfulltrúi.